

Nefndarálit

um frumvarp til laga um veiðigjöld.

Frá minni hluta atvinnuveganefndar.

Atvinnuveganefnd hefur tekið frumvarp til laga um veiðigjöld til umfjöllunar aftur milli 2. og 3. umræðu. Þrátt fyrir að frumvarp um veiðigjöld hafi tekið umtalsverðum breytingum og dregið hafi verið úr fyrirhugaðri skattheimtu, frá því það var fyrst lagt fram í lok mars, er það að mati minni hlutans enn algjörlega óviðunandi. Á meðan nefndin hefur haft málið til umfjöllunar hefur ítrekað komið fram að afleiðingar þess verða slæmar fyrir þá sem við eiga að búa. Það liggur fyrir að þessi lagasetning mun veikja sjávarútveginn, stuðla að verri lífskjörum þess fólks sem í atvinnugreininni starfar, fjárfestingar munu enn dragast saman, tekjur sveitarfélaga lækka, samþjöppun í sjávarútvegi mun aukast, þrýstingur á lækkun gengisins mun aukast og almennt verða áhrifin neikvæð fyrir allan almenning í landinu. Þetta er því ekki lagasetning í þágu almannahags heldur hið gagnstæða, lagasetning gegn almannahagsmunum.

Minni hlutinn vekur athygli á því að þegar frumvarpið kom fyrst fram var því almennt illa tekið. Fjölmargir tjáðu sig um málið. Útgerðarmenn, fiskverkendur, launþegar, sveitarfélög, fræðimenn, lögmenn, endurskoðendur og fjölmargir aðrir sendu frá sér vandaðar og vel ígrundaðar athugasemdir, sem bárust atvinnuveganefnd í hefðbundinni meðferð málsins. Um sjö tugir gesta komu á fund nefndarinnar og niðurstaða þeirra var undantekningarlaust hin sama. Allir komust að þeirri niðurstöðu að áhrif frumvarpsins yrðu mjög neikvæð og afleit þegar þau yrðu skoðuð í samhengi við frumvarp til nýrra fiskveiðistjórnarlaga.

Veiðigjöld eru í raun rangnefni. Um er að ræða hreina skattheimtu, þar sem grundvöllurinn eru tekjur útgerða jafnt og fiskvinnslu. Greiðslan er hins vegar innheimt af útgerðunum. Minni hlutinn telur því nærtækast að nefna þetta fyrirkomulag sjávarútvegsskatt. Yfirlýstur tilgangur er sá að heimta skatt af svokallaðri rentu í sjávarútvegi, við nýtingu fiskveiðiaudlindarinnar. Ekkert er þó fjær sanni. Það liggur fyrir að undirstöður og forsendur gjaldtökuunnar eru meingallaðar og sérfræðingar sem hafa tjáð sig um málið við atvinnuveganefnd hafa allir staðfest að aðferð frumvarpsins sé alls ekki í samræmi við skattlagningu á auðlindarentu sem þekkist í heiminum. Raunar er skattheimta af þessu tagi á sjávarútveg óþekkt í veröldinni. Hér er því verið að leggja af stað með tilraunastarfsemi við skattlagningu á undirstöðu atvinnugreininni, án nokkurrar fræðilegrar undirstöðu. Minni hlutinn vekur einnig athygli á því að komið hefur í ljós við vinnslu málsins að frumvarpið er fullt af grundvallar-mistöfum og reikniskekkjum.

Minni hlutinn leggur áherslu á að þetta er grafalvarlegt mál. Svo virðist sem farið sé í stórfellda skattlagningu, án þess að hugað sé að afleiðingum og það jafnvel þó að í hlut eigi sú atvinnugrein sem jafnan hefur verið nefnd undirstöðu atvinnugrein þjóðarinnar og stjórnvöld segja að muni gegna lykilhlutverki í efnahagslífi okkar á komandi árum.

Í breytingartillögum meiri hluta atvinnuveganefndar hefur í raun verið fallist á að frumvarpið sé algjörlega vanbúið. Samkvæmt tillögum meiri hlutans verður fallið frá þeirri að-

ferðafræði sem frumvarpið byggðist á, við álagningu fyrir næsta fiskveiðiár. Þess í stað verður beitt krónutöluaðferð þar sem skattlagningin er langt úr hófi fram. Framtíðarfyrirkomulag mun hins vegar ráðast af vinnu svokallaðrar veiðigjaldsnefndar sem sett verður á laggirnar samkvæmt frumvarpinu. Engu síður er mælt fyrir um í frumvarpinu og breytingartillögum að ófullkominni aðferð verði beitt við skilgreiningu á auðlindarentu og skattlagningu hennar. Öllum er hins vegar ljóst að veiðigjaldsnefndinni verður ætlað að gera á þessu fyrirkomulagi breytingar og skila tillögum að breytingum til ráðherra, sem þá leggur þær fyrir í formi frumvarps til laga á Alþingi.

Innheimta skattsins verður fyrirsjáanlega mjög þungbær fyrir mörg fyrirtæki. Skatturinn er innheimtur fyrir fram, áður en tekna er aflað af veiðunum, og gert ráð fyrir veiðileyfasviptingu verði gjaldið ekki reitt fram innan mánaðar. Minni hlutinn telur að hér séu á ferðinni mjög harkalegar aðferðir. Ekki síst í ljósi þess að skatturinn verður tryggður með lögveði í skipunum, sem er mjög óvanalegt þegar um skatta er að ræða. Þessi fyrirframgreiðsla mun valda miklum vanda í fjárstreymi innan margra fyrirtækja og alveg sérstaklega hjá þeim minni og þeim sem nýlega hafa haslað sér völl í útgerð.

Að mati minni hlutans horfa flestar þær breytingar sem meiri hlutinn hefur kynnt á frumvarpinu til lækkunar á skattinum. Það er vissulega til bóta. Eigi að síður stendur eftir að gjaldið er allt of hátt og verður ofviða mörgum útgerðum og veldur mikilli óvissu í sjávarbyggðunum. Þá liggur fyrir að grunnur þess er rangur og útkoman verður í samræmi við það.

Það er forkastanlegt að mati minni hlutans að ekki skuli hafa verið gert vandað mat á áhrifum frumvarpsins, með breyttu gjaldi, á fyrirtæki og sjávarbyggðirnar, né á þjóðfélagið í heild. Ætti það þó að vera sjálfsagður hlutur þegar unnið er að slíkum grundvallarbreytingum á rekstrarskilyrðum heillar atvinnugreinar.

Alþingi, 19. júní 2012.

Einar K. Guðfinnsson,
frsm.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Illugi Gunnarsson.

Fylgiskjal.

18. júní 2012

Yfirlýsing

um afgreiðslu/meðferð sjávarútvegsfrumvarpa.

A

Í umfjöllun sem staðið hefur yfir á Alþingi um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða hefur komið fram góður vilji til þess að ná sem víðtækastri sátt um um það mál.

Trúnaðarmannahópur fulltrúa stjórnsmálaflokkanna sem að undanfögnu hefur unnið með frumvarp um stjórn fiskveiða mun halda þeirri vinnu áfram og ljúka störfum með samantekt eða greinargerð. Hann mun byggja á þeim grunni, þ.á.m. þeim hugmyndum um breytingar sem fyrir lágu þegar hlé varð á störfum hans í byrjun júní, sbr. eins og rakið er nánar í fylgiskjali. Jafnframt skal við þá vinnu hafa til hliðsjónar samspil upphæðar veiðigjalda og útfærslu á stjórn fiskveiða með það að markmiði að tryggja stöðugt lagaumhverfi fyrir stjórn fiskveiða til framtíðar. Náist samkomulag á þessum vettvangi mun það verða lagt til grundvallar framlagningu frumvarps um stjórn fiskveiða af hálfu stjórnarflokkanna á nýju þingi næsta haust.

Lagt er til að fallið verði frá ákvæðum frumvarps til laga um stjórn fiskveiða um skiptingu aflaheimilda umfram tiltekið hámark (sk. 40/60 ákvæði) og sk. 3% klípu og hlutur 2 verði festur í hlutdeild í sama magni og gert er ráð fyrir í frumvarpinu að viðbættum 4.500 tonnum sem verði varanleg í stað einskíptisúthlutunar, jafnframt því að afli til ráðstöfunar á kvótaþingi nái 20 þúsund tonnum í þremur áföngum.

Gert er ráð fyrir að hliðarrástafanir í kerfinu á fiskveiðiárinu 2012/2013 verði hinar sömu að umfangi og er á yfirstandandi fiskveiðiári (21 þúsund ígildi). Atvinnuveganefnd verður falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir með frumvarpi í því skyni. Í því frumvarpi verður einnig tekið á breytingum sem tengjast álagningu veiðigjalda.

Hópurinn skal upplýsa atvinnuveganefnd þingsins um störf sín og skila niðurstöðu vinnu sinnar til ráðherra fyrir 1. september 2012.

Handwritten signature and initials, likely representing the author or official responsible for the document.

B

Niðurstaða varðandi afgreiðslu veiðigjalda felur í sér:

- 1) Sérstakt veiðigjald verður 23,20 á botnfisk og 27,50 á uppsjávarafla á næsta fiskveiðiári.
 - a. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs eru miðað við þetta á bilinu 12,7 – 13,8 milljarðar króna. Ef nettó tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi fara yfir 13,8 milljarða á árinu 2013 skal taka tillit til þess til lækkunar sem nemur því sem umfram er, við upphaf fiskveiðiársins 2013/2014 (á fyrsta gjalddaga).
- 2) Gjald dagar sérstaka veiðigjaldsins verða 4 í stað 3ja.
- 3) % verða 50 á öðru fiskveiðiári, síðan 55, 60 og loks 65. (sú tala verður endanleg % í 8. gr. í stað 70)
 - a. Veiðigjaldanefndin skal m.a. taka álagningarprósentuna til skoðunar í vinnu sinni við mat á forsendum veiðigjalda
- 4) Verði óvæntur aflabrestur, verðfall á mörkuðum eða ef veiðigjaldanefnd uppgötvar skekkju í forsendum við mat á auðlindarentu verður álagning endurskoðun fyrir þriðja eða í síðasta lagi fjórða gjalddaga næsta fiskveiðiárs.
- 5) Aðrar breytingar á frumvarpinu verða tæknilegs eðlis.

Fylgiskjal með

yfirlýsing um afgreiðslu/meðferð sjávarútvegsfrumvarpa.

Lýsing á helstu atriðum sem rætt var um á fundum trúnaðarmanna stjórnmalaflokkanna í byrjun júní og áframhaldandi vinna byggist á:

1. Ákvæði 8.gr. um skiptingu aflaheimilda umfram tiltekið hámark falli brott (40/60)
2. Ákvæði 12.gr. falli brott
 - a. um sk. 3% klípu (2.mgr.)
 - b. um upphafsstöðu hlutdeildar miðað við fiskveiðiárið 2011/2012 (sk. stillimynd 3.mgr.)
 - c. um bann við framsali aflaheimilda eftir árið 2032 (4.mgr.). Rætt var um að setja það mál í sérstaka skoðun starfshóps sem legur mat á hugsanleg áhrif þessa ákvæðis.
3. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á hámarkshlutdeild varðandi deilistofna í kjölfar sameiningu laga um stjórn fiskveiða og laga um fiskveiðar utan lögsögu í eina löggjöf.
4. Rækju- og skelbætur verði óbreyttar frá því sem nú er.
5. Hluti 2 verði festur í hlutdeild og 4.500 tonn sem frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutað verði í hluta 2 af væntanlegri aukingu næsta ár (einskiptisaðgerð) verði varanleg aukning í hluta 2 sem verði í áföngum jafn stór og frumvarpið gerir ráð fyrir.
6. Kvótapiing verði 20.000 þorskígildi í áföngum:
 - a. 16.000 ígildi á fyrsta fiskveiðiári
 - b. 18.000 ígildi á öðru fiskveiðiári
 - c. 20.000 ígildi á þriðja fiskveiðiári
7. Breytingar verði gerðar á þegar kynntum breytingartillögum sem hér segir:
 - a. aðeins verði heimilt að flytja aflamark úr stóra aflamarkskerfinu í krókaafamarkskerfið en ekki öfugt
 - b. tillaga um að ráðherra skuli leita leiða til að stækka leiguhlutann falli brott enda búið að auka Hluta 2 og festa hann í hlutdeild sbr. lið 5 hér að ofan
8. Skýrsla ráðherra og þingsályktun um meðferð og ráðstöfun heimilda í hluta 2 verði flutt Alþingi á tveggja ára fresti í stað þriggja.
9. Í stað áunnis leiguréttar verði 75% veiðiskilda með 12,5% byrjunarheimild til leigu á aflamarki í stað 5% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.